

## Neyðarlán og niðurgreiðslur

Síðla hausts 2018 var nokkuð fjallað um það í fréttum að til stæði að veita Íslandspósti neyðarlán upp á u.þ.b. einn milljarð og niðurgreiða innanlandsflug a.m.k. hjá einokunarfyrirtækinu, sem heitir nafnskrípinu Air Iceland Connect. Út af fyrir sig er ágætt að pósthjónusta á Íslandi leggist ekki af og að flugmiðaverð innlands lækki til hagsbóta fyrir almenning. Það má þó gera nokkrar athugasemdir við ofangreinda gjörninga, sem byggja á því að um almannahjónustu er að ræða, sem ætti að vera í höndum almennings, þ.e. félagsvædd og þar með rekin af ríkinu.

Áður en Landssíminn var seldur á sínum tíma var búið að aðskilja pósthjónustuna frá þeirri ríkisstofnun, sem áður hét Póstur og Sími. Pósthjónustan var svo einkavædd undir nafninu Íslandspóstur ohf, þ.e. hagnaðardrifið ríkishlutafélag, með tilheyrandi hækkunum á burðargjöldum og minnkandi hjónustu eins og alltaf gerist þegar almannahjónusta er einkavædd. Nú er svo komið á tímum mikillar fækkunar bréfasendinga að hið ohf-vædda fyrirtæki er komið í blindgötu, sem það kemst engan veginn út úr þrátt fyrir ofangreint neyðarlán, enda mun bréfasendingum með póstinum halda áfram að fækka frekar en hitt.

Pósthjónusta er hins vegar almannahjónusta og á sem slík að vera rekin á félagslegum grunni eins og öll almannahjónusta ætti að vera. Að veita einkareknu ríkishlutafélagi, sem hugsar eingöngu um eigin gróða, neyðarlán upp á milljarð er ekkert annað en sóun á almannafé. Nær væri að ríkið tæki Íslandspóst yfir og félagsvæddi þessa sjálfsögðu hjónustu.

Innanlandsflug á Íslandi hefur líklega alltaf verið allt of dýrt, oft í skjóli einokunar þess flugfélags, sem áður hét Flugfélag Íslands. Hjónusta þessa félags hefur enn fremur farið versnandi á undanförunum árum og áratugum undir yfirskini hagræðinga í rekstri, sem þýðir á mannamáli að félagið hefur aflagt flug til margra áfangastaða og virðist geta pantað íþyngjandi aðgerðir af hálfu Isavia ohf gagnvart litlum keppinautum, sem reyna að halda uppi flugi til þessara sömu áfangastaða.

Í staðinn fyrir að niðurgreiða flugmiða á okurverði ætti ríkið að yfirtaka þessa sjálfsögðu almannahjónustu. Allar innanlandssamgöngur ættu að vera reknar á félagslegum grunni til hagsbóta fyrir almenning.